

**Gnyfari hestamf** <gnyfari1@gmail.com>

---

**Til** : Fjallabyggð <fjallabyggd@fjallabyggd.is>  
**Frá** : Gnyfari hestamf <gnyfari1@gmail.com>  
**Heiti** : 5. Frágangur efnisnámu og svæðis þar í kring eftir gerð Héðinsfjarðarganga.  
**Málsnúmer** : 2111004  
**Málsaðili** : Hestamannafélagið Gnýfari  
**Skráð dags** : 28.10.2021  
**Höfundur** : Gnyfari hestamf <gnyfari1@gmail.com>

Stjórn hestamannafélags Gnýfara minnir bæjaryfirvöld að í bréfi dags 30.05.21 sem tekið var fyrir á fundi bæjarráð 15.06.21 er eftir farandi

## Frágangur efnisnámu og svæðis þar í kring eftir gerð Héðinsfjarðarganga

Í framhaldi af bréfi frá Gnýfara dags 14.08.11 var haldinn fundur sem Jón Magnússon frá Vegagerðinn, Ármann V. Sigurðsson frá Fjallabyggð og Þorvaldur Hreinsson frá Gnýfara sátu. Á fundinum var farið yfir þær framkvæmdir sem ólokið var samkv. samningi Fjallabyggðar og Gnýfara dags. 17.05.10. Á fundinum kom Þorvaldur þeirri ábendingu á framfæri að þegar lækirnir sem renna ofan við efnishauginn í Kleifarhorni færu að renna fram í hestahólfið, sem er neðan við hauginn, yrði gengið þannig frá lækjunum að þeim yrði beint í farvegi, en yrðu ekki látnir renna óhindrað yfir hólfið. Niðurstaða fundarins var að frá þessu yrði gengið þegar frá svæðinu yrði gengið. Fjallabyggð samdi síðar við Vegagerðina og yfirtók frágang á svæðinu og fékk greitt fyrir það ákveðna upphæð. Nú 10 árum síðar renna lækirnir yfir hólfið algerlega óhindrað. Stjórn Gnýfara skorar á bæjarráð Fjallabyggðar að láta ganga þannig frá lækjunum að þeir renni í farvegum svo hægt sé að nota hólfið til beitar.

Stjórn Gnýfara